Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
bt. Jóhanns Guðmundssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

17. janúar 2020

Umsögn um drög að reglugerð um útboð eldissvæða

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um útboð á eldissvæðum, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 18. desember sl.

Á vorþingi 2019 voru samþykktar breytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008. Ein af þeim breytingum sem var samþykkt varðaði útboð á eldissvæðum. Í lögunum kemur fram að þegar burðarþol, áhættumat erfðablöndunar og svæðaskipting liggur fyrir, úthlutar ráðherra eldissvæðum og ákveður jafnframt hversu mörgum er úthlutað hverju sinni.

Í lögunum kemur fram að við mat á tilboðum komi m.a. til skoðunar upphæð tilboðs, reynsla af fiskeldisstarfsemi, fjárhagslegur styrkur, mælikvarðar sem mæla hvernig tilboðsgjafi hefur stundað rekstur sinn og upplýsingar um það hvernig tilboðsgjafi hyggst stunda rekstur, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum. Samkvæmt lögunum ber ráðherra að setja reglugerð um úthlutun á eldissvæðum, skilmála úthlutunar, hvað teljist hagstæðasta tilboð og afturköllun tilboðs. Drög að þessari reglugerð eru nú lögð fram til samráðs. Að mati SFS er mikilvægt að allt regluverk er varðar útboð á eldissvæðum sé gegnsætt, fyrirsjáanlegt og að jafnræðis sé gætt. Í því sambandi vakna nokkur álitaefni um reglugerðardrögin.

Samtökin vilja velta því upp hvort ástæða sé til að rýna betur hvort sú staða getið komið upp að Skipulagsstofnun, með vísan í umhverfismat, útiloki framkvæmd á tilgreindu svæði eftir að rétthafa hefur verið úthlutað eldissvæði með tilheyrandi kostnaði? Þá er vert að huga að því að sú staða getur komið upp að eftir að rétthafi fær eldissvæði úthlutað frá ráðherra getur langur tími liðið þar til mögulegt er að nýta svæðið þar sem langt leyfisveitingarferli er framundan.

Ætla má að fyrirliggjandi reglugerðardrög séu samin með hliðsjón af lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Hér má þó íhuga hvort það sé ástæða til að reglugerðin kveði enn skýrar á um ákveðin atriði, t.d. útboðsskilmála, útilokunarástæður og valforsendur. Nú liggur fyrir að í útboði er leitað bindandi tilboða í *„eldissvæði“* og því ástæða til að spyrja hvort það geti verið óheppilegt að þessi atriði geti breyst frá einu útboði til annars? Færi hugsanlega betur á því að vera með öll skilyrði hlutlæg og skýr í reglugerð og þá útboðsskilmála einfaldari?

Þá má huga betur að því að auglýsa útboð með víðtækari hætti en drögin gera ráð fyrir, t.d. í netmiðlum. Hér eru miklir hagsmunir í húfi og því bæði eðlilegt og nauðsynlegt að auglýsing verði birt víða.

Í reglugerðinni kemur fram að missi rétthafi rekstrarleyfi er heimilt að endurúthluta svæði án greiðslu bóta til fyrri rétthafa. Að mati samtakanna þarf að skýra þetta nánar í reglugerð. Hér þarf t.d. að skýra þá réttarstöðu sem upp kann að koma ef rekstrarleyfishafi missir leyfi vegna úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála, en á mögulega rétt á útgáfu bráðabirgðaleyfis til 10 mánaða.

Þegar drögin eru lesin heildstætt er augljóst að æði mörg álitaefni geta risið, verði reglugerðin samþykkt óbreytt. Að mati samtakanna þarf að skýra fjölmörg atriði betur og í ákveðnum tilvikum eru efnisatriði of rúm og huglæg. Við setningu stjórnvaldsfyrirmæla verður að varast að gefa of mikið svigrúm til túlkunar einstakra ákvæða. Slíkt eykur á réttaróvissu. Það er ekki eingöngu slæmt fyrir lögaðila, heldur, og ekki síður, er það óheppilegt fyrir stjórnsýsluna.

SFS eru reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og skýringar vegna umsagnar þessarar og eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir að koma á fund ráðuneytisins til að fylgja henni eftir. Að öðru leyti áskilja samtökin sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SFS

Heiðmar Guðmundsson hdl.